

## Skattalagabreytingar, stefnur og straumar hjá skattyfirvöldum

Morgunverðarfundur 24. janúar 2023

Guðbjörg Þorsteinsdóttir og Pétur Steinn Guðmundsson



1

Helstu skattalagabreytingar 2022-2023

2

Straumar og stefnur hjá skattyfirvöldum



1

# Helstu skattalagabreytingar 2022-2023



7,7% hækkun á svokölluðum krónutölusköttum – m.a. áfengis-, tóbaks-, bensín-, olíu-, kolefnis-, bifreiða- og kílómetragjald, ásamt gjalds í frkv.sj. aldraðra, útvarps- og sóknargjalda



Áfengisgjald fer úr 10% í 25% og tóbaksgjald úr 40% í 50%, þegar um er að ræða sölu áfengis og tóbaks í tollfrjálsum verslunum – ein af aðgerðum til að draga úr þenslu og verðbólgu



Úrvinnslugjald á eldri álagningarstofna hækkar úr 22 kr. /kg (pappi og pappír) í 42. kr. og úr 30 kr. (plast) í 82 kr. – nýtt 25 kr. gjald á umbúðir úr gleri og málm og 10 kr. á timbur



Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem nú er 14,52%, verði hækkað um 0,22% samhliða lækkun tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í öllum skattþrepum einstaklinga



Skrá þarf leigusamninga í gagnagrunn HMV og telja leigutekjur sérstaklega fram á framtali til að undanþága um 50% brúttóleigutekna teljist til fjármagnstekna



1

## Skattafrádráttur vegna nýsköpunar og þróunar

Framlengdur um 2 ár, rekstrarárin 2023 og 2024. Hámark kostnaðar til útreiknings frádráttar nemur 1,1 ma. kr. samanborið við 1 ma. kr. 2022. Lítil félög fá 35% frádrátt af kostnaði en meðalstór og stór 25%.

2

## VSK ívilnun vegna rafmagns- og vetnisbifreiða

20.000 bifreiða fjöldatakmörkun felld brott, ívilnun gildir áfram út árið 2023 en lækkun verður á hámarki undanþágu. Ívilnanir fyrir tengiltvinnbifreiðar féllu niður 31. desember 2022.

3

## Sérstakt 5% vörugjald á bifreiðar

Á öll ný vélknúin ökutæki með skráða losun sem og rafmagnsbifreiðar. Losunarviðmið verða hert en skattprósenta tengd þeim viðmiðum lækkar um 0,3% á móti.

4

## Veiðigjald og verðmætagjald vegna sjókvíaeldis


Séu skattalegar fyrningar samtals hærrí en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Tímabil sem liggur til grundvallar verðmætagjalds sjókvíaeldis breytt.



# Takmarkaðir jákvæðir hvatar til að gera betur í loftslagsmálum

## ESB stefnir að kolefnishlutleysi Evrópu fyrir 2050

Græni sáttmáli ESB miðar að því að umbreyta áskorun í einstakt tækifæri með því að minnka 55% af losun gróðurhúsalofttegunda um 2030 og ná hlutleysi í loftslagsmálum árið 2050 með yfirgripsmiklum stefnum á 8 aðgerðasviðum:



1

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið í takt við áherslur ESB og á grunni viðamikillar aðgerðaáætlunar

2

Árangur þeirra aðgerða veltur á stórum hluta á atvinnulífinu og samstarfi við stjórnvöld – losunarmarkmið fyrir hvern geira

3

Takmarkaðir jákvæðir beinir hvatar til að ýta undir markvissar aðgerðir fyrirtækja – aðeins 1 af 11 tillögum um hvata til umskipta

4

Innleiðing umfangsmikils ESB regluverks sem mun kalla á mikla fjárfestingu fyrirtækja í ferlum og miðlun upplýsinga

5

Tækifæri til að gera betur á þessu sviði til að hraða þeim umskiptum sem við viljum sjá í loftslagsmálum



Lögaðila eða sjálfstætt starfandi einstaklingi sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2023 að fyrna skráningarskylt ökutæki að fullu á kaupári þess niður að niðurlagsverði eigna að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) Skráningarskylt ökutæki sé eingöngu knúið metani, metanóli, rafmagni eða vetni og sé að öllu leyti nýtt í skattskyldri starfsemi lögaðila eða sjálfstætt starfandi einstaklings.
- b) Ökutæki sé skráningarskylt og falli undir 47. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019.



Á árunum 2021-2025 er rekstraraðila heimilt að fyrna lausafé, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki, sem aflað er á árunum 2021-22, um allt að **50%** af fyrningargrunni, allt að niðurlagsverði eignar.

Að auki er heimilt að reikna **sérstakt fyrningarálag** á stofnverð eigna sem aflað er á árunum 2021-2025 og teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærri þróun. Umræddar eignir verða að teljast til vistvænna samgangna, endurnýjanlegrar orku, hreinsun fráveituvatns eða sjálfbærrar stýringar á náttúruauðlindum og landnotkun.

Fyrningarálagið á einnig við um eignir sem falla ekki undir framangreinda flokka en eru umhverfisvottaðar af viðurkenndum aðilum eða uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

1. Eru með A+ eða hærrí einkunn samkvæmt orkuviðmiðum Evrópusambandsins.
2. Eru hluti af kerfi eða starfsemi sem felst í framleiðslu á vöru sem hefur hlotið umhverfisvottun frá viðurkenndum aðilum.
3. Eru tilgreindar í viðeigandi BAT-niðurstöðum Evrópusambandsins og uppfylla losunarviðmið í viðeigandi BAT-niðurstöðum Evrópusambandsins.
4. Eru knúnar a.m.k. 85% af raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, lífeldsneyti eða rafeldsneyti.
5. Minnka rafmagnsnotkun um a.m.k. 30% eða minnka losun loftmengunarefna um a.m.k. 50% samanborið við hina útskiptu eign eða samanburðareign á markaði.

Fyrning fyrningarálagsins hefst á rekstrarárinu 2023 og færast með jöfnum fjárhæðum á þrjú ár.

Fyrningarálagið er **25%** fyrir ehf./hf. – **13,3%** fyrir sf., slf. – **13,18%** fyrir einstaklinga í atvinnurekstri



# 2

## Straumar og stefnur hjá skattyfirvöldum



1

**Bifreiðahlunnindi**

Af hverju eru sumir bílar teknir út fyrir sviga og eigendur skattlagðir? Eru málefnaleg sjónarmið að baki?

2

**Reiknað endurgjald**

Eigendur fyrirtækja reikna sér endurgjald, eru laun þeirra lægri en almennt gerist?

3

**Airbnb**

Af hverju er verið að spyrjast fyrir um skammtímaaleigu á húsnæði

4

**Gagnagrunnur Deloitte Legal**

Hvenær er hægt að vinna ríkið í skattamáli?



## 2.3 Bifreiðahlunnindi.

### **Almennt.**

Færa skal starfsmanni til tekna umráð hans yfir bifreið launagreiðanda. Á sama hátt skal færa einstaklingi til tekna umráð yfir bifreið í eigu rekstraraðila þótt ekki sé um launagreiðslur að ræða að öðru leyti.

Hafi launagreiðandi bifreið á leigu eða til láns og láti starfsmanni hana í té til umráða skulu þau metin starfsmanninum til tekna á sama hátt og ef bifreiðin væri í eigu launagreiðandans, sbr. það sem hér fer á eftir. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort bifreið er tekin á t.d. rekstrar- eða fjármögnunarleigu, eða samkvæmt annars konar greiðslu-/afnotafyrirkomulagi, eða á leigu frá bílaleigu. Þá skiptir ekki máli hvort um er að ræða bensín- eða díselbifreið, eða bifreið sem notar aðra orkugjafa.

Greiði starfsmaður launagreiðanda sínum sannanlega fyrir afnot bifreiðarinnar koma slíkar greiðslur til frádráttar tekjumatinu.

Ekki skal telja til skattskyldra bifreiðahlunninda starfsmanna umráð og notkun á bifreiðum sem eru með sérútbúnu öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði og sem jafnan er ekið af sérstökum bifreiða-stjóra.

### **Full og ótakmörkuð umráð.**

Láti launagreiðandi starfsmanni sínum í té fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið, jeppabifreið, eða aðra bifreið sem hægt er að hafa sambærileg not af, til fullra umráða skal meta þau starfsmanni til tekna **án tillits til notkunar hans á bifreiðinni.**

Hafi starfsmaður fleiri en eina bifreið frá launagreiðanda sínum til fullra eða ótakmarkaðra umráða samtímis fyrir sig eða fjölskyldu sína skal reikna starfsmanninum til hlunninda umráð hans yfir hverri bifreið fyrir sig.

**Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar þeirra og aðrir í sambærilegum störfum sem og stjórnarmenn félaga teljast ætíð hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeim eru láttnar í té og þeir hafa til einkanota,** þ.m.t. skutbifreiðum, jeppabifreiðum, eða öðrum þeim bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af.



## Það er á brattann að sækja

RSK Telur að nægjanlegt sé að eignarhald sé til staðar til að ákveða að yfirráð séu yfir bifreið félagsins.

Framkvæmdastjóri, starfsmaður, og maki launaður starfsmaður

Óverulegur rökstuðningur settur fram af hálfu RSK

Einungis horft til þess að “mögulega” geti viðkomandi haft afnot

Yfirlýsing stjórnar skiptir engu

Áfátt um eftirlit segir RSK, liggur ekki fyrir með beinum hætti

Myndir af samfélagsmiðlum bendi til einkaafnota

Ekki dregið í efa að tekjur félagsins myndist vegna m.a. bifreiðarinnar, en það skipti bara engu máli



# Úr Boðun RSK um Facebook

Að lokum er einnig bent á að við skoðun á opnum samfélagsmiðlareikningum gjaldanda má finna myndir af umræddum bifreiðum í eigu félagsins. Af myndunum að dæma verður ekki annað ráðið en að um einkaafnot gjaldanda á bifreiðunum hafi verið að ræða á umræddum árum. Má þar helst nefna myndir af bifreiðunum í aðstæðum sem virðast vera persónulegar erindagjörðir gjaldanda og maka hans. Að auki má sjá hundabúr í skotti bifreiðanna fyrir þrjá hunda gjaldanda sem er af þeirri stærð að augljóst er að það passi ekki í þær Volkswagen Golf eða Kia Picanto bifreiðar sem gjaldandi og maki hans voru skráð fyrir á umræddum árum. Þykir umrætt myndefni gefa skýra vísbendingu um skattskyld umráð gjaldanda yfir bifreiðunum á umræddum árum.

# Úr úrskurði RSK um Facebook

Hvað sem líður skýringum umboðsmanns gjaldanda þess efnis að umræddar myndir hafi verið nýttar í auglýsinga- og kynningarskyni er ekki hægt að líta fram hjá því að þær voru birtar á persónulegum samfélagsmiðlum gjaldanda. Þá virðist sem myndirnar hafi verið teknar í aðstæðum sem virðast vera persónulegar erindagjörðir gjaldanda og maka hans, má í því sambandi benda á að umboðsmaður gaf ekki skýringar á því að hundabúr hunda gjaldanda virtust ekki passa í bifreið hans heldur aðeins í bifreið félagsins. Með vísan til alls sem hér hefur verið fjallað um þykja skýringar umboðsmanns um þær myndir sem eru að finna á samfélagsmiðlum gjaldanda ekki trúverðugar.



### Það er á brattann að sækja

RSK Telur að nægjanlegt sé að eignarhald sé til staðar til að ákveða að yfirráð séu yfir bifreið félagsins.

Í félaginu eru 40 starfsmenn og 11 bifreiðar.

Ein bifreiðin tekin út fyrir sviga

Starfsmaður, og stjórnarmaður

Sérkennileg notkun myndefnis af ja.is

Einungis horft til þess að “mögulega“ geti viðkomandi haft afnot

RSK telur að ekki hafi verið sýnt fram á að nein takmörkun hafi verið til staðar um notkun eignandans á bifreiðinni og hann hafi haft allt ákvörðunarvald sjálfur um notkun bifreiðarinnar

Umgengnisreglur um bifreiðar frá 15.06.2015 skipta engu

Áfátt um eftirlit, liggur ekki fyrir með beinum hætti

Óheftur aðgangur að bifreið án tillits til notkunar er skattheimild RSK

- Yfirlýsing framkvæmdastjóra dugi ekki
- Aðeins að ekki hefur verið sýnt fram á takmörkun notkunar
- Vegna bifreiðaeignar og bifreiðastyrk trúir RSK ekki stöðunni





## Það var felld niður

- I. Félagið var með allt að **40 starfsmenn** í vinnu þegar mest er og aldrei færri en 20 starfsmenn
- II. Starfsmenn **vinna á vöktum** og er **þjónusta allan sólarhringinn** við viðskiptavini
- III. Framkvæmdastjóri er hluti af stærri hópi sem sameinast um þessa þjónustu við viðskiptavini
- IV. Á fyrirspurnartímanum voru **tekjur um 1,2 milljarður króna**, hagnaður var um 100 milljónir og 20 milljónir voru greiddar í skatt.
- V. Bifreið félagsins var **til reiðu fyrir alla starfsmenn** og var geymd við heimili félagsins.
- VI. **Engum starfsmanni var heimilt** að nýta bifreið félagsins í eigin þágu
- VII. Gerð hefur verið grein fyrir eknum kílómetrum öll árin.







- I. Reiknað endurgjald á við eigendur félaga þar sem þeir vinna, maka, barns innan 16 ára aldurs, venlamanns eða nákomins ættingja.
- II. Reiknað endurgjald ekki til samræmis við töflu RSK og menn greiða sér lægri laun fá þeir endurálagningu óháð ákvörðun á staðgreiðsluári ef ekki eru til staðar gögn sem staðfesta framburð aðila
- III. Gildir um starf á vegum lögaðila enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á skipulegum markaði.
- IV. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila



# Hvað er rétt hlutfall?



Fyrirtæki A	2018	2019	2020
tekjur	62.500.000	85.200.000	21.600.000
laun	3.600.000	6.250.000	6.360.000
hlutfall	5,76%	7,34%	29,44%
hagnaður	35.000.000	48.400.000	12.300.000
hagn %	56,00%	56,81%	56,94%
Laun endurákvörðuð	9.880.000	10.536.000	10.980.000

Fyrirtæki B	2018	2019	2020
tekjur	243.500.000	203.600.000	143.200.000
laun	8.689.000	8.568.000	7.401.000
hlutfall	3,57%	4,21%	5,17%
hagnaður	24.300.000	2.300.000	9.300.000
hagn %	9,98%	1,13%	6,49%



- I. Fyrirspurn byggir á samantekt tekna vegna erlendra færslna inn á íslenska bankareikninga
- II. Alþjóðlegu fyrirtækin sem halda utan um þjónustu hérlendis afhenda gögn til RSK þannig að RSK hefur allar upplýsingar um tekjur.
- III. Aðili sem leigir út þarf að halda utan tekjur og gjöld hvort heldur um er að ræða á eigin kennitölu eða í gegnum félag .
- IV. Alltaf um atvinnurekstrartekjur að ræða við útleigu húsnæðis í skammtímaleigu
- V. VSK skyld starfsemi (tekjur undir 2 milljónum undanþegnar VSK en ekki tekjuskatti)
- VI. Ef rekstrartekjur eru til staðar þarf að taka afstöðu til t.d. kostnaðar í rekstrarskýrslum, afskriftum og fl. kostnaður sem fellur til vegna öflunar tekna er frádráttarbær.
- VII. Ef um einkaeign er að ræða sem sett er í AirBNB kann að vera skynsamlegt að nýta ekki afskriftir við rekstur.
- VIII. Söluhagnaður einstaklings sem hefur átt fasteign lengur en 2 ár er skattfrjál, en atvinnurekstrareign er skattskyld






# Erfið staða skattaðila gagnvart skattyfirvöldum – gagnagrunnur Deloitte Legal

## Það er á brattann að sækja

- Af ríflega 50 dómum Hæstaréttar á sviði einkamála fyrirtækja þá ber ríkið sigur úr býtum í um 65% tilvika
- Í öllum tilvikum voru það fyrirtæki sem lögðu málin upphaflega í héraðsdóm – sem virðist vera að breytast
- Skattyfirvöld töpuðu nýverið máli fyrir YSKN sem ákveðið var að ríkislögmaður tæki áfram fyrir dómstóla
- Rými fyrir umtalsvert mat á skattareglum og skattframkvæmd er oft og tíðum ógagnsæ – skortir verulega á birtingu álita
- Nýlegt dæmi um lagasetningu þar sem Yfirskattanefnd hafði fallist á málatilbúnað skattaðila – er borin von að vinna stóra bróður?
- Sáttameðferð fyrir skattyfirvöldum – skapa þarf lagalegan ramma enda hagsmunir allra að leikreglur séu skýrar



# Takk fyrir

Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem („Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landssvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 415.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélag þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félög, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.